

Starfshópur, Krýsuvík, framtíðarnýting

Fundur 12.

31. ágúst 2020

Mættir:

Skarphéðinn Orri Björnsson, formaður

Ágúst Bjarni Garðarsson

Sverrir Jörstad Sverrisson

Karólína Helga Símonardóttir

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir

Helga Stefánsdóttir

Forföll:

Gestir:

Heimir Hjartarson

J. Rúnar Magnússon

Snævarr Örn Georgsson

Fundarefni:

Bókun frá síðasta fundir bæjarráðs:

Bæjarráð samþykkir framkomna beiðni um heimild fyrir allt að 10 fundum til viðbótar og að skil lokaskýrslu verði 31. maí 2021.

Milli funda var send út skýrsla Eflu varðandi MÖGULEGA NÝTINGU JARÐVARMA Í KRÝSUVÍK.

Til fundarins mættu fulltrúar Eflu sem unnið hafa að skýrslunni og kynntu efni hennar.

Fulltrúar starfshópsins munu senda undirritaðri spurningar og ábendingar við skýrsluna sem munu síðan verða sendir höfundum til frekari skoðunar.

Spurningar sem bárust:

- Hver er muninn á orkutapi á jarðstreng og loftlínu, bæði til Svartsengis og Hamraness.



HAFNARFJÖRÐUR

- Í samræmi við þær umræður sem fóru fram á fundinum í gær, er óskað eftir því að gerð sé enn betur grein fyrir efirfarandi í lokaskýrslu:

4.1.5.0 – Nýtingasamningur

Farið yfir fjárhagsleg áhrif og innihald nýtingasamnings fyrir svæði sem þetta. Hér er hægt að tala almennt og velta því upp hvað eðlilegt sé og hvað er það sem gengur og gerist.

Atvinnuuppbygging

Þetta mætti allt saman taka betur saman, hvað þýðir þetta í beinum störfum og afleiddum störfum, með og án mikillar uppbyggingar ferðapjónustu.

4.1.5.2 – Auðlindanýting

Sá kafli er ofar í skýrslunni en mér finnst hann einnig tengjast þessum kafla (Samfélaginu). Í samantektinni efst kemur eftirfarandi fram:

„Samfélagslegur ávinningur jarðvarmavirkjunar felast í auknu raforkuöryggi, framleiðslu á heitu vatni til ýmissa nota, tækifærum til nýsköpunar og tengdum störfum. Mögulega gæti uppbyggingin einnig aukið aðdráttarafl ferðamanna að svæðinu og haft jákvæð áhrif á útivist og afþreyingu.“

Þetta mætti útlista mikið mun betur í kaflanum á bls. 38 í skýrslunni. Hvað felst í nýsköpun og tengdum störfum? Garðyrkja, snyrtivörur etc. Það er svo alveg spurning hvort ekki ætti raunverulega að vera sérstakur yfirkafli með yfirskriftina - Efnahagur og samfélag þar sem þetta væri allt tekið saman?

- Umfjöllun um hvert heitavatns öryggið er - ef eitthvað kemur upp á með dreifikerfið sem nú þegar er til staðar og kosti þess að hafa fleiri uppsprettur af heitu vatni.

Næsti fundur verður boðaður.

Ritað/HS